

Norðfirðingur

FRETTABRÉF NORÐFIRÐINGAFÉLAGSINS

2. tölublað 1977 1. árgangur

Á R S H Á T Í Þ I N

Staður: HÓTEL LOFTLEIÐIR

Dagsetning: 26. mars

Tími: 19,30 STUNDVÍSLEGA

Matur: Kalt borð

Ræðumaður: GUNNAR ÓLAFSSON

Skemmtiatriði: Lionskórinn

ÞÓRARINN GUÐNASON, gamanvís

Hljómsveit: Stuðlatrióið

Verðmiða: 4000 krónur

Veislustjóri: ASGEIR LÁRUSSON

Viðtakandi:

Eins og að framan greinir verður árs-
hátíðin haldin að Hótel Loftleiðum
laugardaginn 26. mars og verður húsið
opnað klukkan 18,45, en árs hátíðin
verður sett stundvíslega klukkan 19,30.
Sú ágæta hefð hefur skapast að ævinlega
hefur verið fenginn einhver að heiman
til að halda ræðu kvöldsins, og að þessu
sinni hefur Gunnar Ólafsson, fyrrum skóla-
stjóri sýnt okkur þann velvilja að
koma. En að þessu sinni fáum við fleiri
góða gesti þar sem er kór Lionsmanna
sem tekur lagið fyrir okkur að því
ógleymdu að Þórarinn Guðnason syngur
frumsamdan gamanvísur bæði um heimamenn
sem okkur "flóttafólkið". Þá verður,
veislustjórinn einnig úr hópi gestanna
þ.e. Ásgeir Lárusson. Að loknu borðhaldi
leikur svo Stuðlatrióið fyrir dansi
a.m.k. til klukkan tvö. Eins og áður
hefur verið reynt að halda verði miða
í hófi svo sem kostur er en neðar en í
4000 krónur tókst okkur ekki að komast.

Þeir sem hug hafa á að taka þátt
í árs hátíðinni eru vinsamlega beðnir
að panta miða fyrir þriðjudagskvöld
22. mars til einhvers eftirtalinna

Garðar Sveinn Árnason	15020	vinnusími
Elísabet Kristinsdóttir	41166	heimasími
Rúnar Björnsson	75275	"
Þórður Flosason	43094	"
Alda Þórarinsdóttir	74168	"
Guðmundur Björgvinsson	18029	"
Elísabet Benjamínsdóttir	92-2177	"

Miðar verða síðan seldir í anddyri
Víkingsals Hótelis Loftleiða klukkan
17 - 19 fimmtudaginn 24. mars og þá
verða jafnframt tekin frá borð.
Og auðvitað þarf ekki að hvetja alla
félaga til að koma.

Við höfum grun um að allmargir
Norðfirðingar séu búsettir hér á
suðvesturhorninu þótt ekki séu þeir
meðlimir í félaginu. Væri nú ekki
upplagt ef þið vitið um einhverja
slíka að láta okkur vita um leið og
þið pantið miðana?

SUMARFERÐ TIL SÓLARSTRANDA

Ferðaskrifstofan SUNNA hefur boðið félagsmönnum og heimabúandi Norðfirðingum mjög hagkvæm kjör á sólarferð til Costa del sol hinn 15. maí.

Ferðin er 16 daga og dvalist verður á besta lúxushóтели strandarinnar Playamar, en þar eru allar íbúðir loftkældar, með harðviðarinnréttingum, tveim svefnherbergjum og rúmgóðri stofu auk baðherbergis og svala.

Þetta er hótel í sérflokkki og þjónusta öll á því er sögð vera mjög góð.

Samt er verðið sem SUNNA býður ótrúlega lágt eða frá 61.700. krónum.

Stjórnarmeðlimir munu fúslega veita nánari upplýsingar en farniða þarf að vera búð að panta fyrir 2. maí.

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið

Ritstjóri: Garðar Sveinn Árnason ábm.